

## Roald Amundsen og Vilhjálmur Stefánsson.

—o—

Enginn efast um að Roald Amundsen er maður hetjuduglegur og ferðagarpur hinn mesti. En lítt mun þykja ekki eins víst, að göfugmenska fari þar eftir garp-skap. Og óvarlegt er það af Amundsen, að ráðast á dr. Vilhjálm Stefánsson eins óvægilega og lesa má í síðustu bók hans, og nokkuð hefir verið af sagt í blöð-um hér. Menn kynnu að halda, að áráð þessi væri spröttin af öfund. Að hún væri ein tegund, þó að leiðinleg sé, af viðurkenningu. Sú tegund viðurkenningar er ekki svo óalgeng, og eitt sýnishorn sér-staklega ófagurt, má sjá í kunnri íslenskri bók, sem er eins auðug að illmælum og gamall sorphaugur að eiturfurtum. En öfund hins íræga Norðmanns kynni að vera spröttin af því, að Vilhjálmur Stefánsson mun þykja vísindamaður og rithöfundur meiri, en hetja til ferðalaga ekki síður.

24. nóv.

V. 25.11 27 Helgi Pjeturss.